

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/585****2022/EES/20/08****frá 14. júlí 2016**

**Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/585 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir gagnastaðla og -form fyrir tilvísunargögn um fjármálagerninga og tæknilegar ráðstafanir í tengslum við fyrirkomulag sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld koma á (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa skilvirkt markaðseftirlit ætti að tilkynna tilvísunargögn fjármálagerninga á samræmdu sniði og í samræmi við samræmda staðla.
- 2) Tilkynningar og útgáfa tilvísunargagna á rafrænu og tölvulesanlegu formi og sniði, sem unnt er að hala niður, greiðir fyrir skilvirkri notkun og miðlun slíkra gagna.
- 3) Að fá tafarlaust tilvísunargögn, að því er varðar alla fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi eða í gegnum innmiðlara, gerir lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnuninni kleift að tryggja gæði gagna og skilvirkt markaðseftirlit og stuðlar þannig að heilleika markaða.
- 4) Til að tryggja að viðskiptavettvangar og innmiðlarar leggi fram fullgerð og nákvæm tilvísunargögn og að lögbær yfirvöld geti fengið og notað slík gögn tímanlega á skilvirkan hátt, ætti að setja viðeigandi tímamörk fyrir framlagningu þeirra. Gefa ætti nægan tíma til að greina hvort þau séu ónákvæm eða ófullgerð áður en þau eru birt. Til að tryggja að framlögð tilvísunargögn séu í samræmi við samsvarandi upplýsingar, sem veittar eru í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ættu lögbær yfirvöld að nota tilvísunargögn er varða tiltekinn dag til að sannreyna og skiptast á skýrslum um viðskipti sem fram fóru þann dag.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, verða sendendur og móttakendur tilvísunargagna að tryggja móttöku, skilvirka miðlun og gæði gagnanna og samræmi þeirra við samsvarandi viðskiptaskýrslur sem kveðið er á um í 26. gr. þeirrar reglugerðar. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar ættu því að láta í té fullgerð og nákvæm tilvísunargögn og ættu að upplýsa lögbær yfirvöld tafarlaust um ófullgerð eða ónákvæm gögn sem send hafa verið. Þeir ættu einnig að viðhalda viðeigandi kerfum og stjórnækjum til að geta veitt nákvæm og fullnægjandi tilvísunargögn tímanlega.
- 6) Að því er varðar skilvirka notkun og miðlun tilvísunargagna og til að tryggja að tilvísunargögn séu í samræmi við samsvarandi gögn sem veitt eru í viðskiptaskýrslum, verða viðskiptavettvangar og innmiðlarar að byggja auðkenningu sína á fjármálagerningum og lögaðilum, sem skal setja fram í tilvísunargögnunum, á samræmdum, samþykktum stöðlum. Til að tryggja að tilvísunargögn tengist samsvarandi viðskiptaskýrslum ættu viðskiptavettvangar og innmiðlarar einkum að tryggja að útveguð séu alþjóðleg auðkennisnúmer verðbréfa, í samræmi við ISO 6166, sem eiga við fjármálagerningana sem tilkynnt er um, og að þau komi fram í tilkynntum gögnum.
- 7) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurdulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjftð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 368. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjftð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

- 8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Efni, staðlar, form og snið tilvísunargagna

Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu sjá lögbærum yfirvöldum fyrir öllum upplýsingum um tilvísunargögn fjármálagerninga („tilvísunargögn“) sem um getur í töflu 3 í viðaukanum og eiga við um viðkomandi fjármálagerning. Allar veittar upplýsingar skulu lagðar fram í samræmi við staðlana og sniðin sem tilgreind eru í töflu 3 í viðaukanum á rafrænu og tölvulesanlegu formi og á samræmdu XML-sniðmáti í samræmi við aðferðakerfi ISO 20022.

##### 2. gr.

#### Tímasetning afhendingar tilvísunargagna til lögbærra yfirvalda

1. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu, eigi síðar en kl. 21:00 að Mið-Evróputíma á hverjum degi sem opið er fyrir viðskipti hjá þeim, láta lögbæru yfirvaldi sínu í té tilvísunargögn um alla fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða viðskipti eru höfð með fyrir kl. 18:00 að Mið-Evróputíma þann dag, þ.m.t. þegar tilboð eða verðtilboð eru lögð fram gegnum kerfi þeirra
2. Ef fjármálagerningur er tekinn til viðskipta eða viðskipti eru höfð með hann, þ.m.t. þegar tilboð eða verðtilboð er lagt fram í fyrsta skipti, eftir kl. 18:00 að Mið-Evróputíma á degi þegar opið er fyrir viðskipti hjá viðskiptavettvangnum eða innmiðlaranum skal afhenda tilvísunargögnin um viðkomandi fjármálagerning eigi síðar en kl. 21:00 að Mið-Evróputíma næsta dag sem opið er fyrir viðskipti hjá viðkomandi viðskiptavettvangi eða innmiðlara.

##### 3. gr.

#### Auðkenning fjármálagerninga og lögaðila

1. Áður en viðskipti hefjast með fjármálagerning á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara skal viðkomandi viðskiptavettvangur eða innmiðlari útvega alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa („ISIN-númer“) samkvæmt ISO 6166 fyrir fjármálagerninginn.
2. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu tryggja að auðkenniskóðar lögaðila (LEI-kóðar) sem fram koma í framlögðum tilvísunargögnum séu í samræmi við ISO- staðal 17442:2012, að þeir tilheyri viðkomandi útgefanda og séu skráðir í alþjóðlega gagnagrunninn yfir auðkenni lögaðila (e. *Global Legal Entity Identifier database*) sem starfræktur er af miðlægu starfseiningunni (e. Central Operating Unit) sem skipuð er af nefndinni um lögboðið eftirlit með auðkennum lögaðila (e. *Legal Entity Identifier Regulatory Oversight Committee*).

##### 4. gr.

#### Fyrirkomulag til að tryggja skilvirka móttöku tilvísunargagna

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með og meta hvort þau tilvísunargögn sem berast þeim frá viðskiptavettvangi eða innmiðlara séu fullgerð og hvort þau samræmist þeim stöðlum og sniði sem tilgreind eru í töflu 3 í viðaukanum.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Að móttæknum tilvísunargögnum fyrir hvern dag sem opið er fyrir viðskipti hjá viðskiptavettvöngum og innmiðlurum skulu lögbær yfirvöld gera viðskiptavettvöngum og innmiðlarum viðvart ef gögnin eru ófullgerð að einhverju leyti og ef tilvísunargögn eru ekki afhent áður en fresturinn sem tilgreindur er í 2. gr. rennur út.
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með og meta hvort þau tilvísunargögn sem berast henni frá lögbærum yfirvöldum séu fullgerð og samræmist þeim stöðlum og sniði sem tilgreind eru í töflu 3 í viðaukanum.
4. Að móttæknum tilvísunargögnum frá lögbærum yfirvöldum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gera þeim viðvart ef gögnin eru ófullgerð að einhverju leyti og ef tilvísunargögn eru ekki afhent áður en fresturinn sem tilgreindur er í 1. mgr. 7. gr. rennur út.

5. gr.

#### **Fyrirkomulag til að tryggja gæði tilvísunargagna**

Lögbær yfirvöld skulu a.m.k. ársfjórðungslega framkvæma gæðamat á efni og réttleika tilvísunargagna sem berast skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

6. gr.

#### **Aðferðir og fyrirkomulag við skil á tilvísunargögnum**

1. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu tryggja að þeir láti lögbærum yfirvöldum sínum í té fullgerð og nákvæm tilvísunargögn skv. 1. og 3. gr.
2. Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu innleiða aðferðir og fyrirkomulag sem gera þeim kleift að koma auga á ófullgerð eða ónákvæm tilvísunargögn sem hafa þegar verið lögð fram. Verði viðskiptavettvangur eða innmiðlari var við að framlögð tilvísunargögn séu ófullgerð eða ónákvæm skal hann tafarlaust gera lögbæru yfirvaldi sínu viðvart og senda því viðkomandi tilvísunargögn fullgerð og rétt án ástæðulausrar tafar.

7. gr.

#### **Fyrirkomulag skilvirkra skipta á tilvísunargögnum og fyrirkomulag birtingar þeirra**

1. Lögbær yfirvöld skulu áframsenda fullgerð og nákvæm tilvísunargögn til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar daglega, eigi síðar en kl. 23:59 að Mið-Evróputíma, gegnum örugga rafræna samskiptaleið sem komið er á í þeim tilgangi milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
2. Daginn eftir að hafa móttengið tilvísunargögn í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin steypa saman gögnunum frá hverju lögbæru yfirvaldi í einn texta.
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera samsteyptu gögnin aðgengileg öllum lögbærum yfirvöldum fyrir kl. 8:00 að Mið-Evróputíma daginn eftir móttöku þeirra og nota til þess þær öruggu rafrænu samskiptaleiðir sem um getur í 1. mgr.
4. Lögbær yfirvöld skulu nota samsteyptu gögnin um hvern tiltekinn dag til að sannreyna viðskiptatilkynningar um viðskipti sem eru framkvæmd þann tiltekna dag og tilkynnt skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
5. Lögbær yfirvöld skulu nota samsteyptu gögnin um hvern tiltekinn dag til að skiptast á viðskiptatilkynningum sem lagðar eru fram þann tiltekna dag í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta tilvísunargögnin á rafrænu, niðurhlaðanlegu og tölvulesanlegu formi.

8. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## Tafla 1

## Skýringar fyrir töflu 3

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n alstöfum	Reitur fyrir frjálstan texta.
{CFI_CODE}	6 stafir	ISO 10962 kóði til flokkunar fjármálagerna (CFI)
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja bókstafa landskóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 3166-1 alfa-2 landskóða
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	3 bókstafa gjaldmiðilskóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Dagsetning og tíma á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.ddddddZ.</li> <li>— „ÁÁÁÁ“ er árið,</li> <li>— „MM“ er mánuðurinn,</li> <li>— „DD“ er dagurinn,</li> <li>— „T“ - merkir að nota skal bókstafinn „T“</li> <li>— „kk“ er klukkustundin,</li> <li>— „mm“ er mínútan,</li> <li>— „ss.dddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar,</li> <li>— Z er samræmdur heimstími (UTC).</li> </ul> Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. <ul style="list-style-type: none"> <li>— táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur),</li> <li>— mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus),</li> <li>— gildi eru námunduð og ekki stýfð.</li> </ul>
{INDEX}	4 bókstafir	„EONA“ – EONIA „EONS“ – EONIA SKIPTASAMNINGUR „EURI“ – EURIBOR „EUUS“ – EURODOLLAR „EUCH“ – EuroSwiss „GCFR“ – GCF REPO „ISDA“ – ISDAFIX „LIBI“ – LIBID „LIBO“ – LIBOR „MAAA“ – Muni AAA „PFAN“ – Pfandbriefe „TIBO“ – TIBOR „STBO“ – STIBOR „BBSW“ – BBSW „JIBA“ – JIBAR „BUBO“ – BUBOR

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
		„CDOR“ – CDOR „CIBO“ – CIBOR „MOSP“ – MOSPRIM „NIBO“ – NIBOR „PRBO“ – PRIBOR „TLBO“ – TELBOR „WIBO“ – WIBOR „TREA“ – Ríkissjóður „SWAP“ – SKIPTASAMNINGUR „FUSW“ – FramtíðarSKIPTASAMNINGUR
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir samtals	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 6166
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383
{FISN}	35 alstafir	FISN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 18774.

Tafla 2

## Flokkun á hrávöruafleiðum og afleiðum með losunarheimildir fyrir töflu 3 (reitir 35–37)

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„AGRI“ – Landbúnaður	„GROS“ – Korn og olíufræ	„FWHT“ – Fóðurhveiti „SOYB“ – Sojabaunir „CORN“ – Maís „RPSD“ – Repjufræ „RICE“ – Hrísgrión „OTHR“ – Annað
	„SOFT“ – Mjúkar hrávörur	„CCOA“ – Kakó „ROBU“ – Robusta-kaffi „WHSG“ – Hvítur sykur „BRWN“ – Hrásykur „OTHR“ – Annað
	„POTA“ – Kartöflur	
	„OOLI“ – Ólífuoía	„LAMP“ – Bómolía
	„DIRY“ – Mjólkurvörur	
	„FRST“ – Skógrækt	

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
	„SEAF“ – Fiskur og aðrar sjávarafurðir	
	„LSTK“ – Búfé	
	„GRIN“ – Kornvörur	„MWHT“ – Hveiti til mölunar
„NRGY“ – Orka	„ELEC“ – Raforka	„BSLD“ – Grunnálag „FITR“ – Fjárhagsleg flutningsréttindi „PKLD“ – Álagstoppur „OFFP“ – Utan álagstoppa „OTHR“ – Annað
	„NGAS“ – Jarðgas	„GASP“ – GASPOOL „LNGG“ – Fljótandi jarðgas (LNG) „NBPG“ – NBP „NCGG“ – NCG „TTFG“ – TTF
	„OILP“ – Olía	„BAKK“ – Bakken „BDSL“ – Lífdísilolía „BRNT“ – Brent „BRNTX“ – Brent NX „CNDA“ – Kanadísk „COND“ – Þetta (e. <i>condensate</i> ) „DSEL“ – Dísilolía „DUBA“ – Dúbaí „ESPO“ – ESPO „ETHA“ – Etanól „FUEL“ – Eldsneyti „FOIL“ – Brennsluolía „GOIL“ – Gasolía „GSLN“ – Bensín „HEAT“ – Olía til upphitunar „JTFL“ – Þotueldsneyti „KERO“ – Steinolía „LLSO“ – Light Louisiana Sweet (LLS) „MARS“ – Mars „NAPH“ – Nafta „NGLO“ – Jarðgasvökvi (NGL) „TAPI“ – Tapis „URAL“ – Úralolía „WTIO“ – WTI (West Texas Intermediate)
	„COAL“ – Kol „INRG“ – Aðrir orkugjafar (e. <i>Inter Energy</i> ) „RNNG“ – Endurnýjanleg orka „LGHT“ – Léttar olíuafurðir „DIST“ – Eimi	

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„ENVR“ – Umhverfislegt	„EMIS“ – Losun	„CERE“ – Einingar vottaðrar losunarkerðingar (CER) „ERUE“ – Losunarkerðingareiningar (ERU) „EUAE“ – Losunarheimildir Evrópusambandsins (EUA) „EUAA“ – Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs (EUAA) „OTHR“ – Annað
	„WTHR“ – Veður „CRBR“ – Kolefnistengt	
„FRGT“ – Vöruflutningar	„WETF“ – Fljótandi farmur	„TNKR“ – Tankskip
	„DRYF“ – Þurrvara	„DBCR“ – Búlkaskip með föstum búlkafarmi
	„CSHP“ – Gámaskip	
„FRTL“ – Áburður	„AMMO“ – Ammoníak „DAPH“ – DAP (díammóníumfosfat) „PTSH“ – Pottaska „SLPH“ – Brennisteinn „UREA“ – Þvagefni „UAAN“ – UAN (þvagefni og ammóníumnítrat)	
„INDP“ – Iðnaðarvara	„CSTR“ – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð „MFTG“ – Framleiðsla	
„METL“ – Málmar	„NPRM“ – Aðrir málmar en góðmálmar	„ALUM“ – Ál „ALUA“ – Álblendi „CBLT“ – Kóbalt „COPR“ – Kopar „IRON“ – Járngryti „LEAD“ – Blý „MOLY“ – Mólýbden „NASC“ – NASAAC „NICK“ – Nikkel „STEL“ – Stál „TINN“ – Tin „ZINC“ – Sink „OTHR“ – Annað
	„PRME“ – Góðmálmar	„GOLD“ – Gull „SLVR“ – Silfur „PTNM“ – Platína „PLDM“ – Palladíum „OTHR“ – Annað

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„MCEX“ – Fleiri en ein hrávara, framandi (e. <i>Multi Commodity Exotic</i> )		
„PAPR“ – Pappír	„CBRD“ – Karton „NSPT“ – Dagblaðapappír „PULP“ – Pappírsmauk „RCVP“ – Endurheimtur pappír	
„POLY“ – Pólýprópylen	„PLST“ – Plast	
„INFL“ – Verðbólga		
„OEST“ – Opinberar hagtolur		
„OTHC“ – Aðrar C10 eins og þær eru skilgreindar í töflu 10.1 í 10. þætti III. Viðauka við framseldu reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 <sup>(1)</sup>		
„OTHR“ – Annað		

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvangs og verðbréfafyrirtæki er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148).

Tafla 3

### Upplýsingar sem skal veita sem tilvísunargögn fjármálagerninga

Nr.	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNÍÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
<b>Almennir reitir</b>			
1	Auðkenniskóði gernings	Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn.	{ISIN}
2	Fullt heiti gernings	Fullt heiti fjármálagerningsins.	{ALPHANUM-350}
3	Flokkun gernings	Flokkunarkerfi sem er notað til að flokka fjármálagerninginn. Fullgerður og réttur CFI-kóði skal lagður fram.	{CFI_CODE}
4	Vísir fyrir afleiður með hrávöru eða losunarheimildir	Upplýsingar um hvort fjármálagerningurinn fellur undir skilgreininguna á hrávöruafleiðu, skv. 30. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 eða er afleiða sem tengist losunarheimildum og um getur í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
<b>Reitir sem tengjast útgefanda</b>			
5	Auðkenni útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs	Auðkenni lögaðila (LEI) fyrir útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs.	{LEI}

Nr.	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIB OG STADLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
<b>Reitir tengdir viðskiptavettvangi</b>			
6	Viðskiptavettvangur	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta (e. <i>segment MIC</i> ) fyrir viðskiptavettvanginn eða innmiðlarann, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila (e. <i>operating MIC</i> ).	{MIC}
7	Stuttnefni fjármálagernings	Stuttnefni fjármálagernings í samræmi við ISO 18774.	{FISN}
8	Beiðni útgefanda um töku til viðskipta	Hvort útgefandi fjármálagerningsins hafi óskað eftir eða samþykkt viðskipti með eða töku fjármálagernings síns til viðskipta á viðskiptavettvangi.	„rétt“ – Já „rangt“ – Nei
9	Dagsetning samþykkis töku til viðskipta	Dagsetning og tími þegar útgefandinn samþykkti töku til viðskipta eða viðskipti með fjármálagerning sinn á viðskiptavettvangi.	{DATE_TIME_FORMAT}
10	Dagsetning beiðni um töku til viðskipta	Dagsetning og tími beiðni um töku til viðskipta á viðskiptavettvangi.	{DATE_TIME_FORMAT}
11	Dagsetning töku til viðskipta eða dagsetning fyrstu viðskipta	Dagsetning og tími töku til viðskipta á viðskiptavettvangi eða dagsetning og tími þegar viðskipti voru fyrst með gerninginn eða viðskiptavettvangurinn fékk fyrst fyrirmæli/tilboð eða verðtilboð.	{DATE_TIME_FORMAT}
12	Uppsagnardagur	Séu þær upplýsingar tiltækar, dagsetning og tími þegar viðskiptum er hætt með fjármálagerninginn eða hann er ekki lengur tekinn (e. <i>admitted</i> ) til viðskipta á viðskiptavettvangnum.	{DATE_TIME_FORMAT}

**Reitir sem tengjast grundvallarfjárhæð**

13	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	Gjaldmiðillinn sem grundvallarfjárhæðin er gefin upp í. Sé um að ræða vaxta- eða gjaldeyrisafleiðusamning skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill 1. leggjar eða gjaldmiðill 1 í parinu. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er einmynta skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill undirliggjandi skiptasamnings. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er fjölmynta skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill 1. leggjar skiptasamningsins.	{CURRENCYCODE_3}
----	------------------------------	--	------------------

**Reitir tengdir skuldabréfum eða öðrum verðbréfuðum skuldum**

14	Nafnverð heildarútgáfu	Nafnverð heildarútgáfu sem peningagildi.	{DECIMAL-18/5}
15	Lokagjalddagi	Lokagjalddagi fjármálagerningsins. Reiturinn á við um skuldagerninga með skilgreindan lokagjalddaga.	{DATEFORMAT}
16	Gjaldmiðill nafnvirðis	Gjaldmiðill nafnvirðis skuldagerninga.	{CURRENCYCODE_3}
17	Nafnvirði á hverja einingu/lágmarksvirði viðskipta	Nafnvirði hvers gernings. Ef það er ekki tiltækt skal gefa upp lágmarksvirði viðskipta.	{DECIMAL-18/5}

Nr.	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIB OG STADLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
18	Föst ávöxtun	Fast ávöxtunarhlutfall skuldagerings þegar honum er haldið allt til lokagjalddaga, gefið upp sem hundraðshluti.	{DECIMAL-11/10} Gefið upp sem hundraðshluti (t.d. 7,0 merkir 7% og 0,3 merkir 0,3%)
19	Auðkenni vísitölu/viðmiðs skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Sé auðkenni fyrir hendi.	{ISIN}
20	Heiti vísitölu/viðmiðs skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Sé auðkenni ekki fyrir hendi, heiti vísitölnunnar.	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} – ef heiti vísitölnunnar er ekki á {INDEX} listanum
21	Gildistími vísitölu/viðmiðs skuldabréfs með breytilegum vöxtum.	Gildistími vísitölu/viðmiðs skuldabréfs með breytilegum vöxtum Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.	{INTEGER-3}+„DAYS“ – dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ – vikur {INTEGER-3}+„MNT“ – mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ – ár
22	Grunnpunktaverðbil vísitölu/viðmiðs skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Fjöldi grunnpunkta fyrir ofan eða neðan vísitölnuna sem notaður er til að reikna út verð	{INTEGER-5}
23	Réttthæð skuldabréfs	Tilgreina skal tegund skuldabréfsins: forgangslán, millilagslán, víkjandi (e. <i>subordinated</i> ) lán eða mjög víkjandi (e. <i>junior</i> ) lán.	„SNDB“ – Forgangslán (e. <i>senior</i> ) „MZZD“ – Millilagslán (e. <i>Mezzanine</i> ) „SBOD“ – Víkjandi lán (e. <i>subordinated</i> ) „JUND“ – Mjög víkjandi lán (e. <i>junior</i> )

#### Reitir sem tengjast afleiðum og verðbréfuðum afleiðum

24	Lokadagsetning	Lokadagsetning fjármálagerningsins. Reitur sem á við um afleiður með skilgreinda lokadagsetningu.	{DATEFORMAT}
25	Verðmargfaldari	Fjöldi eininga undirliggjandi gernings í einum afleiðusamningi. Sé um að ræða framtíðarsamning eða valrétt á vísitölu, fjárhæðin á hvert vísitölustig. Sé um að ræða veðjun á verðbil, verðhreyfing undirliggjandi gernings sem veðjunin byggist á.	{DECIMAL-18/17}
26	Kóði undirliggjandi gernings	ISIN-númer undirliggjandi gernings. Sé um að ræða amerísk heimildarskrteini (e. ADRs), alþjóðleg heimildarskrteini (e. GDRs) og svipaða gerninga skal tilgreina ISIN-númer fjármálagerningsins sem þessir gerningar byggjast á. Sé um að ræða breytanleg skuldabréf skal tilgreina ISIN-númer gerningsins sem skuldabréfið er breytanlegt í. Sé um að ræða afleiður eða aðra gerninga með undirliggjandi þátt, ISIN-númer undirliggjandi gernings ef hann hefur verið tekinn til viðskipta eða viðskipti eru með hann á viðskiptavettvangi. Sé undirliggjandi þátturinn arður af hlutabréfi, ISIN-númer viðkomandi hlutabréfs sem veitir rétt til hins undirliggjandi arðs.	{ISIN}

Nr.	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNÍÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		<p>Sé um að ræða skuldtryggingu skal gefa upp ISIN-númer viðmiðunarskuldbindingarinnar.</p> <p>Sé undirliggjandi þátturinn vísitala og hefur ISIN-númer, þá ISIN-númer þeirrar vísitölu.</p> <p>Sé undirliggjandi þátturinn karfa skal gefa upp öll ISIN-númer fyrir hvern innihaldshluta körfunnar sem tekinn hefur verið til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Reiti 26 og 27 skal endurtaka eins oft og þörf er á til að telja upp alla gerninga í körfunni.</p>	
27	Undirliggjandi útgefandi	Vísi gerningurinn til útgefanda fremur en til eins gernings skal tilgreina auðkenni lögaðila (LEI) fyrir útgefandann.	{LEI}
28	Heiti undirliggjandi vísitölu	Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala, þá heiti hennar.	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} – ef heiti vísitölu er ekki á {INDEX} listanum
29	Gildistími undirliggjandi vísitölu	Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala skal tilgreina gildistíma hennar.	{INTEGER-3}+„DAYS“ – dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ – vikur {INTEGER-3}+„Mnth“ – mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ – ár
30	Tegund valréttar	<p>Tilgreining á því hvort afleiðusamningurinn er kaupréttur (réttur til að kaupa ákveðna undirliggjandi eign) eða söluréttur (réttur til að selja ákveðna undirliggjandi eign) eða að ekki sé unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt á tíma framkvæmdarinnar. Sé um að ræða skiptirétt skal hann vera:</p> <p>— „Söluréttur“ (e. <i>put</i>), sé um að ræða skiptirétt viðtakanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem viðtakandi á föstum vöxtum.</p> <p>— „Kaupréttur“ (e. <i>call</i>), sé um að ræða skiptirétt greiðanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem greiðandi á föstum vöxtum.</p> <p>Sé um að ræða þök og lágmörk skulu þau vera:</p> <p>— „Söluréttur“, sé um að ræða lágmark.</p> <p>— „Kaupréttur“, sé um að ræða þak. Reiturinn á aðeins við um afleiður sem eru valréttir eða áskriftarréttindi.</p>	„PUTO“ – Söluréttur „CALL“ – Kaupréttur „OTHR“ — sé ekki unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt
31	Lausnarverð	<p>Fyrirframákveðið verð sem eigandinn verður að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á, eða tilgreining á því að ekki sé unnt að ákvarða verðið á tíma framkvæmdarinnar. Reiturinn á við um valrétt eða áskriftarréttindi þar sem unnt er að ákvarða lausnarverð á tíma framkvæmdarinnar. Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“.</p> <p>Eigi lausnarverð ekki við skal ekki fylla þennan reit út.</p>	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem prósentu eða ávöxtun {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir
32	Gjaldmiðill lausnarverðs	Gjaldmiðill lausnarverðsins	{CURRENCYCODE_3}

Nr.	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIB OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
33	Tegund valréttar nýtingar	Tilgreining á því hvort aðeins megi nýta valréttinn á tilteknum degi (evrópskur og asískur valréttur), á nokkrum fyrirfram tilgreindum dagsetningum (Bermúda-valréttur) eða hvenær sem er á lífúma sammingsins (bandarískur valréttur). Þessi reitur á aðeins við um valrétti, áskriftarréttindi og réttindaskírteini (e. <i>entitlement certificates</i> ).	„EURO“ – evrópskur „AMER“ – bandarískur „ASIA“ – asískur „BERM“ – bermúdaeyiskur „OTHR“ – aðrar tegundir
34	Tegund afhendingar	Tilgreining á því hvort fjármálagerningurinn er gerður upp hlutrænt (e. <i>physically</i> ) eða með reiðufé. Ef ekki er unnt að ákvarða afhendingarmáta á tíma framkvæmdarinnar skal gildið vera „OPTL“. Þessi reitur á aðeins við um afleiður.	„PHYS“ – hlutrænt uppgjör „CASH“ – uppgjör með reiðufé „OPTL“ – valkvætt fyrir mótaðila eða þegar þriðji aðili ákvarðar tegundina.

#### Hrávöruafleiður og afleiður með losunarheimildir

35	Grunnafurð	Grunnafurð fyrir undirliggjandi eignaflokk eins og tilgreint er í töflunni yfir flokkun afleiðna með hrávöru og losunarheimildir.	Aðeins gildi í dálknum „Grunnafurð“ í töflunni yfir flokkun hrávöru-afleiðna eru leyfileg.
36	Undirafurð	Undirafurð fyrir undirliggjandi eignaflokk eins og tilgreint er í töflunni yfir flokkun afleiðna með hrávöru og losunarheimildir. Reiturinn krefst grunnafurðar.	Aðeins gildi í dálknum „Undirafurð“ í töflunni yfir flokkun hrávöru-afleiðna eru leyfileg.
37	Frekari undirafurð	Frekari undirafurð fyrir undirliggjandi eignaflokk eins og tilgreint er í töflunni yfir flokkun afleiðna með hrávöru og losunarheimildir. Reiturinn krefst undirafurðar.	Aðeins gildin í dálknum „Frekari undirafurð“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna eru leyfileg.
38	Tegund viðskipta	Tegund viðskipta eins og tilgreint er af viðskiptavettvangnum	„FUTR“ – Framtíðarsamningar „OPTN“ – Valréttir „TAPO“ – TAPOS (asískir valréttir) „SWAP“ – Skiptasamningar „MINI“ – Minis „OTCT“ – OTC-viðskipti „ORIT“ – Bein sala (e. <i>outright</i> ) „CRCK“ – Crack „DIF“ – Mismunasamningar (e. <i>differential</i> ) „OTHR“ – Annað
39	Tegund endanlegs verðs	Tegund endanlegs verðs eins og tilgreint er af viðskiptavettvangnum	„ARGM“ – Argus/McCloskey „BLTC“ – Baltic „EXOF“ – Exchange „GBCL“ – GlobalCOAL „IHSM“ – IHS McCloskey „PLAT“ – Platts „OTHR“ – Annað

Nr.	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIB OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
<b>Vaxtaafleiður</b>			
— Reitina í þessum þætti skal aðeins fylla út fyrir gerninga þar sem undirliggjandi þátturinn er ófjárhagslegur gerningur af tegundinni „vextir“.			
40	Viðmiðunarvextir	Heiti viðmiðunarvaxtanna	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} - ef viðmiðunarvextirnir eru ekki á {INDEX}-listanum
41	Gildistími vaxtasamnings	Ef eignaflokkurinn er vextir skal í þessum reit tilgreina gildistíma samningsins. Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.	{INTEGER-3}+„DAYS“ – dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ – vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ – mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ – ár
42	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Sé um að ræða fjölmynta skiptasamninga eða skiptasamninga milli tveggja gjaldmiðla skal gjaldmiðillinn vera sá sem 2. leggur samningsins er í. Sé um að ræða skiptarétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er fjölmynta skal gjaldmiðillinn vera sá sem 2. leggur skiptasamningsins er í.	{CURRENCYCODE_3}
43	Fastir vextir í 1. legg	Tilgreining fastra vaxta í 1. legg, ef við á	{DECIMAL-11/10} Gefið upp sem prósentu (7.0 þýðir t.d. 7% og 0.3 þýðir 0,3%)
44	Fastir vextir í 2. legg	Tilgreining fastra vaxta í 2. legg, ef við á	{DECIMAL-11/10} Gefið upp sem prósentu (7.0 þýðir t.d. 7% og 0.3 þýðir 0,3%)
45	Breytilegir vextir 2. leggjar	Tilgreining vaxtanna sem notaðir eru, ef við á.	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} – ef viðmiðunarvextirnir eru ekki á {INDEX}-listanum
46	Gildistími vaxtasamnings fyrir 2. legg	Tilgreining á tilvísunartímabili vaxtanna, sem settir eru með fyrirframákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði. Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.	{INTEGER-3}+„DAYS“ – dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ – vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ – mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ – ár

**Gjaldeyrifafléiður**

— Reitina í þessum þætti skal aðeins fylla út fyrir gerninga þar sem undirliggjandi þátturinn er ófjárhagslegur gerningur af tegundinni „gjaldeyris“.

47	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Fylla skal út reitinn með undirliggjandi gjaldmiðli 2 í gjaldmiðlapaninu (gjaldmiðill 1 er færður í reit 13 sem undirliggjandi gjaldmiðill 1).	{CURRENCYCODE_3}
48	Tegund gjaldmiðils	Tegund undirliggjandi gjaldmiðils	„FXCR“ – Krossgengi gjaldmiðla „FXEM“ – Gjaldmiðlar nýmarkaða „FXMJ“ – Helstu gjaldmiðlar